

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 11. október 2023 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi fyrir Brekku samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin tekur til stækkunar á íbúðarlóð úr 6.285 m² í 49.135 m² vestan aðkomuvegar að frístundabyggð á Brekku, færslu á byggingarreit íbúðarlóðar, nýs byggingarreits fyrir ferðþjónustuhús og breytinga á byggingarskilmálum. Auk þess er vegtenging við aðkomuveg færð og fjölgað úr einni í tvær og gert ráð fyrir vegi að ferðþjónustuhúsum. Afmörkun skipulagssvæðisins stækkar úr 34 ha í 38 ha. Leyfilegt heildarbyggingarmagn innan íbúðalóðar verður eftir breytingu 760 m² en var áður 314 m². Byggingarreitur fyrir íbúðarhús færist í norðaustur og breytingar eru gerðar á byggingarskilmálum. Byggingarreitur fyrir 6 ferðþjónustuhús til útleigu bætist við ásamt byggingarskilmálum, samanlögð stærð þeirra ásamt fylgihúsum verður að hámarki 330 m² og rúma að hámarki 15 gesti í gistingu.

Deiliskipulagstillagan var auglýst og kynnt skv. ákvæðum skipulagslaga. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvalfjarðarsveit, 29. apríl 2024.

Jökull Helgason skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 5. júní 2024